

**Nd.**

### **63. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 11 1. febr. 1936 [Eignarnámsheimild á nokkrum löndum o. fl.].

Flm.: Emil Jónsson.

#### 1. gr.

3. másl. 2. gr. laganna orðist svo:

Jarðir þær, sem um getur í 4. tölul. 1. gr., skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað og Gullbringusýslu þannig, að sýslan fái í sinn hlut lítt ræktanlegt beitiland jarðarinnar til sumarþeirrar fyrir sauðfé, samkvæmt skiptagerð, sem framkvæmd var af hinni þar til kjörnu matsnefnd, sbr. niðurlag þessarar greinar, 1. maí 1939, en Hafnarfjarðarbær fái jörðina að öðru leyti með öllum gögnum og hlunnindum, sem jörðinni fylgja og fylgja þer, og greiði báðir aðilar, sýslan og bæjarsjóður, ríkissjóði það, sem hann hefir greitt fyrir jörðina, og í þeim hlutföllum, sem matsnefndin ákveður.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Þegar lög nr. 11 1. febr. 1936 voru sett, var það með það fyrir augum meðal annars, að Gullbringusýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður skiptu ein með sér jörðunum Krisuvík og Stóra-Nýjabæ og fleiri aðilar kæmu þar ekki til greina. En eftir að nefnd sú, sem gert er ráð fyrir í niðurl. 2. gr. laganna, hafði loks lokið störfum og skipt landinu, taldi hæstv. landbúnaðarráðherra sig þrátt fyrir það ekki geta framkvæmt skiptin, vegna þess hve orðalag laganna væri óljóst hvað þetta snerti. Ég hefi því, samkvæmt ósk bæjarstjórans í Hafnarfirði, leyft mér að bera fram þessar tillögur til breytinga, sem taka fram skýrar en áður var það, sem ég tel, að samkomulag hafi verið um þegar lög nr. 11 á sínum tíma voru sett.

Ég læt hér einnig fylgja skiptagerð matsnefndarinnar, þar sem landi jarðanna Krisuvíkur og Stóra-Nýjabæjar er skipt milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Gullbringusýslu, og hafa báðir aðilar eftir atvikum fallizt á þá skiptingu:

„Ár 1939, mánudaginn 1. maí, hélt matsnefnd sú, er útnefnd var samkv. l. nr. 11/1936 til að meta jarðirnar Krisuvík og Nýjabæ, fund með sér á skrifstofu Jóns Ásbjörnssonar og Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarmálaflutningsmanna í Reykjavík. Tilfni fundarins var beiðni ríkisstjórnarinnar, sýslumannsins í Gullbringusýslu f. h. sýslunnar og bæjarstjórans í Hafnarfirði f. h. bæjarins til nefndarinnar um að ákveða landamerki milli ræktanlegs og óræktanlegs lands Krisuvíkurtorfunnar, eins og til er ætlazt í nefndum lögum og matsgerð nefndarinnar frá 4. nóv. 1936 gerir ráð fyrir.

Á fundinum voru mættir, auk nefndarmanna, Bergur Jónsson sýslumaður og Friðjón Skarphéðinsson bæjarstjóri.

Lagt var fram á fundinum landabréf herforingjaráðsins, það er ber áritun um framlagningu á fundi nefndarinnar 20. okt. 1936. Nefndin ákvað merkin þannig: Að vestan, beina stefnu í norður úr Hólsvík í Borgarhól, þar sem hann er hæstur, úr Borgarhóli eftir Sveifluhálsi í vestustu vík Kleifarvatns, að bera í yzta odda Hvammholtstanga. Að norðan ræður Kleifarvatn, í syðsta odda víkur þeirrar, er gengur úr vatninu vestan við Geithöfða, og að austan þaðan beina stefnu í réttvisandi suður til sjávar, í Keflavík. Að sunnan ræður sjór, þó þannig, að óhindraður umferðarréttur áskilst Gullbringusýslu fyrir búpening og til annarar umferðar um svæði upp frá sjó, er sé a. m. k. 60 metrar á breidd, enda séu engar girðingar eða umferðarhindranir á þeirri leið. Ennfremur geymist eiganda Krisuvíkurbjargs, hveraorkunnar, brennisteinsnámana og annara sérstakra jarðnytja óhindraður umferðar- og afnotaréttur af hinu afmarkaða svæði Hafnarfjarðar, eftir þörfum.

Nefndin afmarkaði land Hafnarfjarðar á áðurnefndu korti með bláu bleki. Fleira ekki gert og fundi slitið.

Reykjavík, 1. maí 1939.

Steingr. Steinþórsson.      Einar Arnórsson.      Sveinbjörn Jónsson.

Samþykkir ofanrituðu:

Friðjón Skarphéðinsson.      Bergur Jónsson.“